

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 3 600.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 300.00. Ef menn vilja kaupa hlutamiða eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann, auk verðs hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

4. gr.

1. málsgr. 10. gr. orðist svo:

Áður en dregið er í 1. flokki, skal leggja í hlutastokkinn 70 000 miða, sem merktir eru tölunum 1—70 000. Áður en dregið er í hverjum hinna síðari flokka, skal leggja í hlutastokkinn jafnmarga miða sem síðast voru úr honum dregnir og með sömu tölum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 22 10. apríl 1974 öðlast gildi 1. janúar 1975.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 260 21. ágúst 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. september 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um útgáfu Lyfjaverðskrár II.

Frá og með 1. október tekur gildi ný Lyfjaverðskrá II. Jafnframt falla úr gildi áður gildandi verðlagsákvæði, samkvæmt Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972, ásamt síðar birtum viðaukum og breytingum.

Enn fremur falla úr gildi önnur ákvæði um verðlagningu og greiðslutilhögun almannatrygginga á sérlyfjum, er fara í bága við ákvæði hinnar nýju verðskrár.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1974.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingiimarsson.

AUGLÝSING

um umferð á Sauðárkróki.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Sauðárkróks, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Sauðárkróki:

I. **Hámarkshraði** innan marka kaupstaðarins er 35 km/klst., þó er 45 km/klst. hámarkshraði leyfður á eftirtöldum götum:

- a) á Skagfirðingabraut frá bæjarmörkum að sunnan að Öldustíg,
- b) á Eyrarvegi frá bæjarmörkum að norðan að Kolaporti (kolageymslu K. S.),
- c) á Sæmundargötu frá bæjarmörkum að austan að Hegrabraut.

II. **Aðalbrautir:**

- a) Skagfirðingabraut, Aðalgata og Eyrarvegur,
- b) Sæmundargata, Knarrarstígur og Skólastígur að Skagfirðingabraut, með biðskyldu þar gagnvart umferð á Skagfirðingabraut.

III. **Einstefna:**

- a) á Kirkjutorgi frá suðri til norðurs,
- b) frá Skagfirðingabraut inn á Faxatorg við Búnaðarbankahús til vesturs.

IV. **Stöðvunarskylda:**

- a) af Kirkjutorgi inn á Aðalgötu,
- b) af Sævarstíg inn á Aðalgötu,
- c) báðum megin af Freyjugötu inn á Knarrarstíg og Skólastíg.

V. **Bann við bifreiðastöðum:**

- a) á Aðalgötu að vestan, við lóðir nr. 9—11,
- b) á Aðalgötu og Skagfirðingabraut að vestan frá stíg norðan Aðalgötu 1 að akstursleið á bifreiðastæði norðan Bifrastar,
- c) á Freyjugötu að austan milli Ránarstígs og Knarrarstígs,
- d) á Freyjugötu að austan milli Knarrarstígs og akstursleiðar að Bifreiðaverkstæði K. S.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Bæjarfógetinn á Sauðárkróki, 20. september 1974.

Jóhann Salberg Guðmundsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 20.60 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 8.10 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 103.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatari í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 31.00 af fermetra á ári.